

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Sent á umsagnir@althingi.is

Reykjavík 28. mars 2024

Umsögn um frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu

Landvernd hefur kynnt sér frumvarp þetta og vill koma eftirfarandi á framfæri.

3. grein frumvarpsins vekur athygli Landverndar en þar eru talin upp 6 svið sem teljast viðkvæm.

1. Mikilvæga innviði sem tengjast m.a. orku, hitaveitu, vatns- og fráveitu, samgöngum, flutningum, fjarskiptum, stafrænum grunnvirkjum, fjármálakerfi, vörnum landsins, stjórnkerfi, landhelgisgæslu, almannavörnum, löggæslu, neyðar- og viðbragðsþjónustu, réttarvörslu og heilbrigðiskerfi.

2. Útvegum eða framleiðslu á mikilvægum aðföngum, þ.m.t. í tengslum við orku eða hráefni eða vegna fæðuöryggis.

3. Nýtingu vatnsorku, jarðvarma, vindorku, náma og annarra jarðefna í þjóðlendum.

4. Meðhöndlun mikilvægra trúnaðarupplýsinga og verulegs magns viðkvæmra persónuupplýsinga. Einnig þjónusta á sviði netöryggis í þágu mikilvægra innviða skv. 1. tölul.

5. Framleiðslu eða þróun á hlutum með tvíþætt notagildi samkvæmt lögum um afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit.

6. Framleiðslu eða þróun á annars konar mikilvægri tækni en fellur undir aðra töluliði þessarar greinar.

Í greinargerð frumvarpsins segir:

Í ljósi þess að Ísland byggir tilvist og efnahag sinn á náttúruauðlindum bæði á láði og legi kom til skoðunar við undirbúning frumvarpsins hvort nýting mikilvægra náttúruauðlinda skyldi falla undir viðkvæm svið í skilningi 3. gr. frumvarpsins. Jarðrænar auðlindir hér á landi



eru ýmist háðar eignarrétti einkaaðila eða opinberra aðila, beinum og óbeinum, þ.m.t. ferskvatn, fallvatn, jarðhiti, jarðefni og veiði.

Landvernd tekur undir mikilvægi þess að vernda náttúruauðlindir og sjá til þess að notkun þeirra sem oft orsakar rask á þeim, sé í almannabágu. Það vekur athygli að hvergi er fjallað um þau verðmæti sem felast í víðernum og náttúrufegurð en það er einkum það sem ferðamannaiðnaðurinn byggir á og er því í skilningi orðsins einnig auðlindanotkun og eru víðerni einmitt mjög viðkvæm. Bæði með tilliti til annarrar nýtingar í nágrenni sem og ágangs ferðamanna sem getur hæglega orðið of mikill og þar með spillt þessari viðkvæmu auðlind. Við fáum landið að láni og gefum áfram til komandi kynslóða og berum því ábyrgð á að því sé ekki spillt og er ástæða til að skoða það með tilliti til eignarhalds erlendra aðila sem kunna að spilla óspilltri náttúru Íslands.

Með vinsemd og virðingu

Þorgerður M Þorbjarnardóttir

Formaður Landverndar